

Spænskuval

Námsáætlun vormisseris 2020:

Áherslan verður á munnlega þáttinn, þar sem nemendur fara til Madrid í mars.

Á vormisseri munu nemendur halda áfram með SammTalk verkefni, en þeir munu skila þeim aðra hvora viku (ekki í hverri viku eins og á hausmisseri).

Nemendur læra frekar um matarmenningu Spánar og æfa sig í að panta á veitingastað og allt sem því viðkemur. Stefnt er að því að halda smá matarboð í einum tímanum þar sem nemendur koma með spænskan mat og kynna hann fyrir bekknum. Einnig verður farið yfir það sem tengist því að versla í búðum sem og almennan orðaforða sem mun gagnast þeim í ferðinni.

Nemendur munu taka viðtal við Spánverja í Reykjavík. Þetta er hópverkefni þar sem nemendur munu undirbúa spurningar sem þeir munu notast við í viðtalinu sínu. Þeir taka svo viðtalið upp á myndband og skila til kennarans. Kennari sér um að finna fólk til að tala við.

Einnig munu nemendur halda áfram að læra um borgina sjálfa og mannlíf hennar. Og gera eitt hópverkefni þar sem nemendur fjalla um hin ýmsu hverfi borgarinnar.

Í ferðinni sjálfri fara nemendur í ratleik um borgina þar sem þeir þurfa að leysa ýmis verkefni og skila svo kennara úrlausnum.

Nemendur verða hvattir til að horfa á spænskumælandi efni, gera Duolingo verkefni sem kennari setur þeim fyrir og lesa sér til um fréttir frá Madrid.

Verkefnum er ýmist skilað í tölvupósti til kennara, inn á Facebook síðu hópsins eða eru kynnt í tíma.

Birt með fyrirvara um breytingar.

Hildur Árnadóttir

Vormisserinu verður skipt niður í þrjú umfjöllunarefni: Arte (listir), Comida (matarmenning) og Arquitectura (arkitektúr). Fyrst verður fjallað um þá listamenn og listaverk sem við getum séð í Madrid og lögð verður áhersla á listamenn og verk þeirra sem hægt er að skoða í listasafninu Reina Sofia sem við munum heimsækja á meðan við erum í Madrid. Nemendur munu svo læra frekar um matarmenningu Spánar og þá sérstaklega Madrídarbúa svo hægt sé að njóta borgarinnar enn betur. Að lokum munu nemendur kynna sér sögu hinna ýmsu bygginga, torga og garða sem þeir munu skoða í Madrid.

Nemendur gera ýmis verkefni tengd umfjöllunarefnum vormisseris. Það eru ýmist orðaforðaverkefni eða menningatengd verkefni. Nemendur til dæmis velja sér sjónvarpsseríur sem þeir horfa á heima og lesa fréttir í netfjölmiðlum sem fjalla um Madrid. Nemendur velja sér einnig listamann og listaverk sem eru að finna á Reina Sofia safninu, rýna í þau og kynna fyrir bekknum. Þeir munu líka panta sér mat og drykk á spænsku á veitingarstað í bænum og halda matarboð í tíma þar sem nemendur koma með spænskan mat og kynna hann. Að lokum taka þau fyrir sögu ýmissa bygginga, garða og torga í Madrid og kynna fyrir bekknum. Í ferðinni sjálfri fara nemendur í ratleik um borgina þar sem þeir þurfa að leysa ýmis verkefni og skila svo kennara úrlausnum.

Verkefnum er ýmist skilað í tölvupósti til kennara, inn á Facebook síðu hópsins eða eru kynnt í tíma.